



# Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Velkomin  
Við erum að tengjast

---



# Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

## Kálfar-kvígur

---

# Uppeldið er undirstaðan

- Kálfarnir eru framtíðar framleiðslugripir.
- Kálfum sem líður vel og eru vel fóðraðir vaxa hraðar og betur, svo það er til mikils að vinna með vönduðum vinnubrögðum.
- Hagkvæmast er að láta kvígurnar bera 22-24 mánaða þegar tekið er tillit til æviafurða og uppeldiskostnaðar.



# Burðurinn

- Strax frá fyrsta degi þarf að vanda vel til verka
- Hreint umhverfi svo að skítur sé ekki það fyrsta sem fari inn í meltingafærin (kálfur stendur upp á nefinu)
- Ónæmiskerfi mjög slakt fyrst, háðir því að fá mótefni með broddinum



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Kálfar og kýr saman fyrstu vikurnar



# Broddur

- Mikilvægt að gefa broddinn sem fyrst eftir burð
- Ekki er ráðlegt að treysta því að kálfur sjúgi nóg sjálfur úr kúnni fyrstu klukkutímana
- Stress fyrir og um burð hefur áhrif á gæði brodds
- Gefið strax 2 lítra en svo í 2-3 lítra skömmtum fyrsta sólarhringinn, alls 8 lítra



Broddmælir,  
metur gæði  
broddsins



**Bústólpi**

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Eldhús

- Ísskápur með frystihólfi
- Mjólkurhitari, (súpupottur), hitamælir
  - Hita brodd og mjólk aðeins yfir 37°C svo hann sé það við gjöf
- Leiðbeiningar fyrir afleysingu
  - Mikilvægt að umhirða kálfa sé alltaf eins og alltaf góð
- Bætiefni við hendina
  - Stundum er ekki til nógu góður broddur (Gold broddur eða Roto Corna)
  - Stundum eru þeir ekki hressir (Calf Kick start)
  - Stundum er þarmaflóran ekki góð (prolac pasta)
  - Stundum fá þeir skitu (diakur, boviferin)

mjólkurhitari



# Mjólk eða duft

- Hrámjólk er til á búinu, auðvelt, en ekki nota úrgangsmjólk
- Duftmjólk er alltaf eins, öruggt og auðvelt að blanda missterkt eftir t.d. aldri eða aðstæðum
- Það er mikilvægt að horfa á kálfana, eru þeir að fá nóg, sérstaklega á fóstrum/bar
  - svanginn, þríhyrning sem myndast á vinstri hlið
  - augun eru aftur í tóftum
  - klípa í skinn og það er lengi að leggjast niður aftur





# Mjólkurskeið

- Þrjár gjafir á dag, sérstaklega fyrstu vikurnar.
- Smákálfar í köldu fjósi þurfa aðeins meiri mjólk og þá eru þrjár gjafir nauðsynlegar.
- Ágætis þumalputtaregla er að nota a.m.k. 1 kg af dufti á dag fyrir smákálf ef hann býr við aðstæður sem eru kaldari en 20°C, ef hitinn fer niður í 5°C þarf 10% meira duft á sólarhring og ef hitinn fer niður í 0°C þarf 20% meira duft á sólarhring.



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Mjólkurskeið

- Ef við ætlum kálfunum að vaxa hratt er blandað 150g af dufti í 8,5 dl af vatni, hentar einnig þar sem bara gefið 2 á dag
- Ef kálfarnir eru á vél-fóstru með frjálsu aðgengi er hægt að blanda þynnra, blöndun í fóstrur getur farið niður í 100g af dufti í 9 dl af vatni.



# Mjólkurskeið- skipulag

- Hreinlæti skiptir miklu máli, það minnkar smitálag
- Þurrt legusvæði mikilvægt
- Sýkingahætta við óprifnað og bleytu
- Stressaðir kálfar fá frekar skitu
  - Ró í umgengni
  - Regluleg umgengni (tamning)
  - Gott rými (ekki þröngar stíur eða litlir legupallar)
  - Ekki of stórt aldursbil í stíu



# Mjólkurskeiðið- skipulag

- Frjálst aðgengi að mjólk fyrstu 2 mánuðina
- Takmarkað aðgengi að mjólk síðasta mánuðinn-rólegt niðurtrapp
- Bara ein breyting í einu!
- Kjarnfóður, nýtt á hverjum degi
- Vatn
- Frekar þurrt hey, gott hey



# Mjólkurskeið- kjarnfóður

- Kjarnfóður í boði með mjólkurgjöfni
- Áhugi eykst þegar dregur úr mjólkurgjöfni
- Nóg prótein
- Kálfakögglnir innihalda hátt hlutfall próteins og það kemur að mestu úr fiskimjöli.
- Kolvetnasamsetningin í Kálfaköggllum sérstaklega gerð fyrir smákálfa.
- Fylgjast með kjarnfóðuráttinu og miða við að kálfarnir séu farnir að éta 1 kg af Kálfaköggllum á dag í 5-7 daga áður en þeir hætta á mjólk



# Eftir mjólkina

- Bakslag þegar hætta á mjólk = of mikið álag
- Eru of miklar breytingar í einu, farðu yfir ferlið er mögulegt að gera breytingar sem skila hraustari kálfum.
  - Fengu þeir ekki nógu gott tækifæri til þess að venjast kjarnfóður og gróffóðurgjöfinni
  - Aðstæður í stíunni eftir mjólkina ekki nógu góðar fyrir þá, kuldi, bleyta, trekkur eða of stórt aldursbil
- Það er góð regla að mæla kálfa og fylgjast með því hvað þeir þyngjast á mjólkinni og svo aftur eftir að þeir hætta á mjólk. Verum viss um að þeir haldi áfram að vaxa hratt og vel.



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Eftir mjólkina

- Fram til 15 mánaða aldurs þurfa að vera jafn mörg átpláss og gripir
- Á þessum tíma skiptir mjög miklu máli að nýta vel möguleika gripanna til vaxtar
  - hagkvæmir í fóðrun, lítið sem þarf til viðhalds svo fóðrið nýtist vel til vaxtar og þroska
- Sérstaklega ef aðstaðan er góð sem þeir búa við



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Eftir mjólkina

- Meta fóðrun með eftirliti
  - Ekki láta stóra vömb plata sig við mat á holdafari
- Gripir sem éta vel af gróffóðri eru oft með stóran belg og líta því út fyrir að fá nóg
- Horfðu á holdfyllingu og vöðvalag, ef þeir eru grannir þrátt fyrir vel fyllta vömb vantar þeim prótein!
- Gróffóður er með mjög misjafnt prótein innihald og getur verið mjög lystugt þó það vanti prótein
- Oftast vantar prótein ef einungis á að fóðra á gróffóðri



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM



# Eftir mjólkina

- Fituvefur í júgri getur myndast ef fóðrunin er röng á aldrinum 3-9 (12) mánaða.
- Rannsóknir hafa sýnt að það er hægt að fóðra töluvert kröftuglega á þessum aldri án þess að skemma júgurvefinn ef það er gefið nóg prótein á móti orkunni
- Ef þeim er boðið nóg prótein með orkuríku gróffóðri nýta þær orkun til þess að vaxa meira annars er hún geymd sem fita



# Eftir mjólkina

- Vaxtarköggjar eru sérstaklega hannaðir til þess að taka við kjarnfóðurgjöf eftir mjólkina
- Þeir eru próteinríkir og innihalda mikið fiskimjöl
- Ríkulegt magn steinefna er í Vaxtarköggjum sem tryggir gripum í vexti gott aðgengi að kalki, fosfór, magnesíum sem og öllum helstu snefilefnum og vítamínum sem þarf á þessu tímabili
- 1,5-2 kg af Vaxtarköggjum á móti meðal-heyi uppfyllir prótein, orku og steinefnabarfir kvíga í góðum vexti
- Muna gott aðgengi að vatni eftir mjólkurgjöfina, það örvar gróffóður og kjarnfóðurát



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Það líður að kynþroska

- Það er mikilvægt að ala kvígurnar þannig upp að þær séu vel þroskaðar tímanlega svo hægt sé að sæða á réttum tíma
  - Eftir því sem þær verða eldri fer hlutfallslega meira fóður í viðhald og því kostar mun meira að ala þær á þessum tíma.
- Meta tímann til sæðinga út frá stærð og þroska en ekki bara aldri.
  - Kynþroski mjög háður líkamsþroska
- Auðvitað viljum við ekki að þær séu sæddar of snemma en það er allt í lagi að sæða kvígu frá 13 mánaða aldri ef hún er stór og vel þroskuð



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Það líður að kynþroska

- Kvígur eiga að vera í holdastigi 3 við sæðingu en 3,5 við burð.
- Mæla brjóstmálið til að meta stærð, tilbúin til sæðingar við 160 cm ( ca 312 kg)
- Línu á vegg í stíunni þar sem kvígurnar ganga um og þegar nær ná upp í línuna eru þær orðnar nógu stórar. Þá er miðað við 125 cm upp á herðakamb.
- Byrja að skrá niður yxn áður en þú ætlar að sæða svo þú þekkir gangmálið þeirra og getir brugðist við þegar þú vilt.
- Hvað horfir þú oft inn í stíuna? 3x á dag
- Getur þú séð þegar þær eru að yxna? Er gott ljós í stíunni
- Geta þær sýnt beiðslin? Er gott rými í stíunni
- Er hægt að sæða þær? Hvernig er aðstaða í stíunni/læsigrindur



# Frá sæðingu að burði

- Hérna ætlum við þeim að vaxa áfram en nú er mikilvægt að offóðra þær ekki á þessum tíma en það er mjög vont fyrir kvígur að bera of feitar (hægir á vexti)
- Á þessum tíma er ágætt að kenna þeim að umgangast nýja gripi, þannig má hugsa sér að þær komi saman við geldkýrnar 2-3 mánuðum fyrir burð.
- Á þessum tíma þarf líka að kenna þeim á innréttingar eins og þær koma til með að sjá og umgangast eftir burðinn, grindur við átsvæði, legubásar, hlið ofl.
- Hérna er líka ágætt að huga markvisst að tamningu, fara að umgangast þær markvisst hafi það ekki verið gert strax frá upphafi
- Snyrta klaufir ef þarf, holdastiga reglulega til að fylgjast með fóðrun og fleira sem kennir þeim að þó við séum að vinna hjá þeim og með þær stafar ekki ógn af okkur.



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Beit

- Það er hluti af uppeldinu að fara á beit en beitina þarf að skipuleggja vel eftir því á hvaða aldri kvígurnar eru á beitinni.
- Kvígur sem eru að stækka þurfa góða beit svo þær stækki örugglega nóg þegar þær eru úti.
- Það þarf að hafa þær nærri sem eru komnar á sæðingaaldur svo það sé auðvelt að koma í þær kálfi á réttum tíma.
- Fengnar kvígur eru þær einu sem hentar að hafa á úthagabeit sem er ekki eins næringarrík og á ræktuðu landi nema kannski rétt fyrst á sumrin.
- Muna viðbótar steinefnagjöf á beitinni!



VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Aldur	Mjólk	Kjarnfóður	Gróffóður	Aldur	Kjarnfóður	Gróffóður
Fyrsti sólarhringurinn	Broddur 8 l. (2-3 l. í einu)			3-5 mán	Vaxtarkögglar 2 kg á dag	Frjálst, gott gróffóður
1-7 daga	6-8 l. (2-3 l. í einu)	Frjálst, Kálfakögglar	Frjálst, nýtt á hverjum degi þurrlegt og gott.	6-12 mán	Vaxtarkögglar 1 kg á dag, fer eftir gæðum gróffóðurs	Frjálst, gott gróffóður
1-8 vikna	8 l. (2-3 l. í einu) eða frjálst aðgengi	Frjálst, Kálfakögglar	Frjálst, nýtt á hverjum degi þurrlegt og gott.	13-19 mán	Steinefni þegar kjarnfóðurgjöf hættir, effekt midi	Frjálst en bjóða aðeins slakara gróffóður
9-12 vikna	Takmarka aðgengi rólega	Frjálst Kálfakögglar, éta amk. 1 kg á dag þegar hætta á mjólk	Frjálst, nýtt á hverjum degi þurrlegt og gott. Passa gott aðgengi að vatni	20 mán fram að burði	Steinefnagjöf, effekt midi	Frjálst á gróffóðri sem gefur góða fyllingu



**Bústólpi**

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM